



Úr aðalskipulagi Hrunnannahrepps 2016-2032, ekki í kvarða

### SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsreits
- Byggingarreitur
- Veghelgunarsvæði
- Þjónustuhús - til skýringar
- Búningaaóstaða
- Hrunalaug
- Aðkoma - Sólheimavegur
- Rafmagn í jörðu
- Vatnsleiðsla-kalt vatn
- Rafmagnskassi
- Hreinsivirki
- Hnitapunktur
- Bílastæði
- Helgunarsvæði minja
- Minjar

### Hnitaskrá

Punktur	Norður	Austur
B1	404209.68	438863.14
B2	404224.12	438854.59
B3	404275.98	438875.81
B4	404309.92	438905.69
B5	404300.59	438936.51
B6	404198.72	438893.31
B7	404159.01	438951.30
B8	404197.95	438960.76
B9	404196.00	438992.97
B10	404142.51	438975.34
L1	404126.08	438796.30
L2	404069.00	438789.00
L3	404030.82	438870.71
L4	404030.82	438952.25
L5	404095.25	439004.69
L6	404263.91	439067.88
L7	404341.84	438912.98
L8	404275.38	438862.33

### Greinargerð

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir landspilduna Hrunalaug sem er hluti af Áslandi, landnúmer 166710. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hrunnannahrepps um uppbyggingu á landbúnaðarjörðum.

#### Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar:

Hrunalaug hefur á síðastliðnum árum farið frá því að vera lítil og óþekkt náttúralaug yfir í að vera einn sú vinsælasta á Íslandi. Fjöldi fólks leggur leið sína á svæðið til að njóta þess að baða sig í gamaldags náttúralaug, umvafió fallegu umhverfi. Ágangur gesta hefur aukist það mikið að svæðið hefur legið undir skemmdum í þónokkur ár. Töluverð uppbygging hefur farið fram á síðustu árum til að vernda svæðið og tryggja öryggi gesta þess.

Meginmarkmið fyrirhugaðrar deiliskipulagsstillingu er að tryggja að svæðið geti með öruggum hætti tekið á móti þeim fjölda gesta sem leggja leið sína um svæðið, án þess að minjar og náttúra þess verði fyrir skemmdum vegna ágangs. Skipulagið tryggir aðstoðu fyrir staðarhaldara til að taka á móti gestum og sinna eftirliti og umsjón svæðisins. Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp lítið þjónustuhús og búningaaóstöðu til að þjónusta möttoku gesta við Hrunalaug.

#### Staðsetning:

Deiliskipulagsstillinga þessi tekur til landspildu við Hrunalaug innan Áslands í Hrunnannahreppi. Afmörkun skipulagssvæðis kemur fram á uppdrátt.

#### Skipulagsstaða og eignarhald:

Landið er í einkaeign. Í aðalskipulagi Hrunnannahrepps (2016-2032) er landið skilgreint sem landbúnaðarland. Landnotkun skal vera í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Fram kemur í aðalskipulagi Hrunnannahrepps um landbúnaðarlönd að: *heimilt er á landi í ábúð, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smíðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eda byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 1.000 m<sup>2</sup>.*

Hrunalaug er nefnd sem einn af áherslustöðum á Suðurlandi í Áfangastaðaáætlun Suðurlands.

#### Landlýsing:

Landið sem deiliskipulagið tekur til er 5,5 ha. Svæðið afmarkast af Sólheimavegi í vestri og Laugarási í austri. Tvö holt, Kaldarlækjarholt og Laugarholt standa upp úr grónu mólandi sem er klífið af Kaldalæk sem liggur í gegnum landið. Á spildunni er að finna náttúralaugina Hrunalaug, sem er orðinn gríðarlega vinsæll ferðamannastaður. Laugin og umhverfi hennar nýtur hverfisverndar vegna fornminja. Aðkoma að svæðinu er frá Sólheimavegi og við hann hefur verið lagt bílaplan.

Töluverð uppbygging hefur verið í kringum Hrunalaug undanfarnin ár, bæði í viðhaldi og viðgerðum á minjum, sem og innviðuppbyggingu til að vernda svæðið fyrir auknum ágangi ferðamanna. Unnið hefur verið við gerð göngustígs frá bílaplani og plan við lauginu lagt með náttúruhellum. Leitast hefur verið við að öll uppbygging á svæðinu falli vel að landslagi og að lagt upp með að allar framkvæmdir séu á þann hátt að þær viðhaldi náttúrulegu og sögulegu heildaryfirbragði svæðisins.

#### Minjar:

Ekki eru skráðar náttúruminjar á svæðinu. Fornleifastofnun Íslands vann fornleifaskráningu á svæðinu sem kom út árið 2016. Hrunalaug (F1) og umhverfi hennar er er fríðað sem fornminjar og því helgunarsvæði 15 metrar umhverfis hana. Einnig er að finna þar hlaðin torfgaró (F2), beitarrús (F3) og loft (F4).

Lögum samkvæmt skal fara fram könnun fornleifafraeðings sem veitir umsögn um skipulagið áður en það óðlast gildir. Jafnframt er vakin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um ábyrgð framkvæmdaáðila og landeigenda við fund á áður óþekktum fornleifum.

#### Aðkoma:

Aðkoma er frá Sólheimavegi nr. 3454 sem er héraðsvegur. Gert er ráð fyrir aðkomu og bílastæði (sjá uppdrátt). Bílastæðin skulu aðskilin frá veginum, með einni tengingu við veginn og með góðu athafnasvæði fyrir bíla til að snúa. Notast verður við núverandi veg sem liggur innan skipulagsvæðis sem þjónustuveg með takmörkuðu aðgengi.

#### Hnitsetning skipulagsreits:

Sjá uppdrátt.

#### Kalt vatn:

Neyslvatn er fengið úr vatnsveitu Hrunnannahrepps. Nánari staðsetning skal unnin í samráði við viðkomandi veitustofnanir.

#### Heitt vatn:

Ekki er gert ráð fyrir tengingu við heitt vatn á svæðinu eins og er.

#### Rafmagn:

Skipulagsvæðið tengist veitukerfi RARIK. Nánari staðsetning lagna skal unnin í samráði við viðkomandi veitustofnanir.

#### Brunavarnir:

Brunavarnir Árnessýslu eru með starfstoð á Flúðum sem sinnir brunavörnum á svæðinu. Brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Gert er ráð fyrir aðgengi brunavarna um þjónustuveg að Hrunalaug. Vatn til slökkvistarfs er hægt að sækja í Kaldalæk.

#### Sorphirða:

Í samræmi við reglugerð sveitarfélags.

#### Girðingar:

Heimilt er að girða af innan skipulagsvæðis.

#### Hreinsivirki:

Gert er ráð fyrir að hreinsivirki skuli aldrei staðsett minna en 10 metra innan skipulagsmarka með aðgengi til losunar. Staðsetning er ekki endileg. Stærð og staðsetning hreinsivirkis fer eftir samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Hafa skal reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skölp í huga.

#### Umhverfisáhrif:

Umhverfisáhrif deiliskipulags eru óveruleg. Svæðið hefur verið undir miklu álagi sökum aukins ágangs ferðamanna, sem hefur valdið rofi á gróðurþekju á svæðinu. Fyrirhuguð uppbygging auðveldar staðarhöldurum að vernda og þjónusta svæðið. Skilgreindar gönguleiðir munu stýra umferð um svæðið, sem mun hlífa gróðurþekju. Gæta skal þess að öll mannvirki falli sem best að aðliggjandi umhverfi og að staðbundin rask á framkvæmdatíma sé lágmarkað sem kostur er og tryggt að allt rask á staðargróðri sé endurheimt að framkvæmdum loknum.

#### Staðsetning bygginga:

Notast verður við núverandi vegslóða sem liggur innan skipulagsvæðis sem þjónustuveg að lauginni með takmörkuðu aðgengi.

Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum, byggingarreit A og B. Á byggingarreit A er heimilt er að byggja tvö þjónustu- og salernishús. Stærð hvorra húsa má vera allt að 150m<sup>2</sup> og hámarks mænishæð 3m frá gólfplötu. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir skiptiaóstöðu fyrir lauginu að hámarki 50m<sup>2</sup>. Það mannvirki skal bæði falla inn í landslagið og hafa samsvarandi útlit og Hrunalaug til að viðhalda heildaryfirbragði staðarins. Mikilvægt er að vernda og viðhalda núverandi minjum í samstarfi við Minjastofnun til að tryggja varðveislugildi þeirra.

Uppdráttur þessi sem hefur fengið meðferð skv. 1. mgr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykktur þann \_\_\_\_\_ 2023. Deiliskipulagsstillingar var auglýst frá \_\_\_\_\_ 2023. Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins birtist í B-deild stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2023.

Hrunannahreppur	
Hrunalaug í landi Ás	mkv. 1:1000 (A1)
- tillaga að deiliskipulagi	hnitakerfi ISN 93
Undirritun hönnuðar:	dags. 6. okt. 2023